MITSUBISHI ELECTRIC
*Changes for the Better*




MSZ-LN

# HERO

## Hetjan sem hlýjar hversdagsleikann



VK vörukaup



## VELDU GÆÐI

***HERO er varmadælan sem gerir svo miklu meira en bara að fullnægja þörfum hvers og eins um hitun og kælingu. Með sína einstaka eiginleika, eins og I-SEE umhverfisskanna, næturstillingu og þráðlausri tengingu við heimanetið, verður HERO hversdagshetjan á heimilinu sem allir elska.***

### SPARNAÐUR OG ÖRYGGI

HERO hefur mjög háa orkunýtni, með A++ í meðalári og A+ við mjög kaldar aðstæður, sem skilar sér í töluverðum orkusparnaði. Auk þess er HERO með SCOP 5,2 sem þýðir að fyrir hverja orkueiningu í keyrslu skilar HERO 5,2 sinnum meiri hita.




### MINNI HÁVAÐI

Einstök hönnun á HERO lækkar hávaða á næturstillingu um 3dB svo hún verður nánast hljóðlaus. Þess vegna er HERO ein hljóðlátasta varmadæla á markaðinum í dag.

### UMHVERFISVÆN

HERO notar kælimiðilinn R32, sem er einn af fáu sem hafa lágmarksáhrif á umhverfið í dag en samt afar skilvirkur í varmaflutningi. Þannig stuðlar HERO að betra umhverfi.



## HAFÐU ÞAÐ ÞÆGILEGT



### MEÐ AUGA FYRIR SMÁATRIÐUM

I-SEE umhverfisskanninn lætur ekkert framhjá sér fara. Hann fylgist með viðveru og hreyfingum viðstaddra og stillir sig eftir því. Þannig getur hann ýmist beint loftstraumnum að eða frá viðkomandi hvort heldur til að hita eða kæla.

Þegar rýmið er mannlaust, getur HERO lækkað eða hækkað hitastigið í rýminu um allt að 2°C í vissum stillingum til að spara orku og rekstrarkostnað til lengri tíma.

### MEÐ ÞIG Í FYRIRRÚMI

HERO fylgist með og leggur á minnið helstu viðverustaði, hreyfingar og hitastig í rýminu og kælir eða hitar eftir þörfum. Þannig helst jafnari hiti í rýminu án fyrirhafnar.

Jafnvel á hlýjum sumardegi, þegar hvorki er þörf á hita né kælingu og gleymist að slökkva á HERO, getur hann slökkt á sér sjálfur.





Leggur á minnið viðveru og hreyfingar í rýminu.



Beinir loftflæði eftir þörfum.




# YLUR ALLA DAGA




## Öflug og skilvirk

Eitt mikilvægasta atriðið við val á varmadælu eru raunafköst (P-Design) sem getan til að hita upp ákveðið rými við ákveðnar forsendur.
Við val á varmadælu er árangursríkast að hafa raunafköst og viðmiðunarnýtni (SCOP) í forgrunni því þá mun varmadælan anna hitaþörf, jafnvel við mikinn útikulda, en samt skila uppgefinni orkunýtni og skilvirkni.
HERO er afar öflug varmadæla, skilvirk og með há raunafköst.

## INNBYGGÐ HÁHITATÆKNI

HERO hefur einstaka háhitatækni sem heldur raunafköstum varmadælunnar alveg niður í-15°C útihita, þökk sé sérstökum eiginleika sem aðlagar afköst að hitaþörf rýmisins.

## VIÐHALDSHITI

HERO getur viðhaldið hita í rýminu til að halda því frostfríu allan veturinn. Hægt er að velja frá +10°C til +31°C stiglaust.







## DREIFIR HITA OG KÖLDU LOFTI

HERO er með tvöfaldan loftdreifi og það er einfalt að stjórna loftflæðinu um rýmið með fjarstýringunni.
Ef HERO er staðsettur við eða fyrir ofan stiga er samtímis hægt að beina bæði heitu og köldu lofti út sömu megin.



## LOFTDREIFIHAMUR

HERO hitar ekki bara á veturna og kælir á sumrin heldur getur líka hringrásað lofti um rýmið með loftdreifinum.
Það hjálpar til að jafna hitastigið og dreifa hita t.d. frá kamínu eða öðrum orkugjöfum.



# STJÓRNBÚNAÐUR

## INNBYGGT ÞRÁÐLAUST NET (WIFI)

HERO tengist MELCloud appinu gegnum WIFI. Appið er á AppStore, Google play og Windows Store og þá verður HERO alltaf innan seilingar. Þegar appið er komið í tækið, er þráðlausa netið valið ásamt lykilorði og HERO tengist sjálfkrafa við MELCloud. Einfaldara verður það varla.




## LÆSING Á HAM

Einfalt að læsa HERO á ham, annaðhvort til að kæla eða hita.

## VIKUDAGASTILLING

HERO varmadælu er hægt að stilla á allt að á fjórar mismunandi stillingar hvern vikudag vikunnar og aðlaga þannig notkun hennar enn betur að persónulegum kröfum og og þægindum.

## ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING

HERO kemur með fjarstýringu í sama lit og innitækið. Stjórntæki við höndina, sama hver er heima.








# BETRA LOFT INNANDYRA



## HREINSAR LOFTIÐ

HERO er ekki vara framúrskarandi varmadæla heldur er í henni fjögurra þátta Plasma sía sem hreinsar loftið. Sían minnkar reyklykt og grípur ryk, myglu, frjókorn og aðrar óæskilegar agnir sem berast að varmadælunni.

## VÖRN GEGN RYKI OG ÓHREININDUM

Tvöföld hlífðarfilma á yfirborði hitara og blásarahjóls hindrar að ryk og óhreinindi festist og með tímanum minnki afköst og orkunýtni varmadælunnar.



# Tækniupplýsingar

| LOFT Í LOFT VARMADÆLA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| INNIHLUTI | | | MSZ-LN25VG | MSZ-LN35VG | MSZ-LN50VG |
| ÚTIHLUTI | | | MUZ-LN25VGHZ | MUZ-LN35VGHZ | MUZ-LN50VGHZ |
| HITUN | Raunafköst (P-Design) | kW | 3,2 | 4,0 | 6,0 |
| | Áætluð ársnotkun | kWh/ári | 849 | 1082 | 1826 |
| | SCOP* | SCOP | A+++ / 5,2 | A+++ / 5,1 | A++ / 4,6 |
| | SCOP fyrir kaldar aðstæður | SCOP | A+ / 4,0 | A+ / 4,0 | A / 3,4 |
| | Varmaafköst (Raun) | kW | 3,2 | 4,0 | 6,0 |
| | Varmaafköst (við-15°C) | kW | 3,2 | 4,0 | 6,0 |
| | Varmaafköst (Min-Max) | kW | 1,0 - 6,3 | 1,0 - 6,6 | 1,8 - 8,7 |
| KÆLING | Raunafköst (P-Design) | kW | 2,5 | 3,5 | 5,0 |
| | Áætluð ársnotkun | kWh/ári | 83 | 130 | 230 |
| | SEER | SEER | A+++ / 10,5 | A+++ / 9,4 | A++ / 7,6 |
| | Kæliafköst (Raun) | kW | 2,5 | 3,5 | 5,0 |
| | Kæliafköst (Min-Max) | kW | 0,8 - 3,5 | 0,8 - 4,0 | 1,4 - 5,8 |
| INNIHLUTI | Stærð (B x H (I-SEE skynjari) x D)*** | mm | 890 x 307(+34) x 233 | | |
| | Þyngd | kg | 15,5 | 15,5 | 15,5 |
| | Loftflæði (Há- Lág) | $m^3$ / mín | 4.0 - 5.7 - 7.1 - 8.5 - 14.4 | 4.3 - 5.7 - 7.1 - 8.5 - 13.7 | 5.4 - 6.4 - 8.5 - 10.7 - 15.7 |
| | Hljóðstyrkur (Há- Lág) | dB(A) | 19 - 24 - 29 - 36 - 45 | 19 - 24 - 29 - 36 - 45 | 25 - 29 - 34 - 39 - 47 |
| | Hljóðstyrkur (PWL) | dB(A) | 58 | 58 | 60 |
| ÚTIHLUTI | Stærð (B x H x D) | mm | 800 x 550 x 285 | | 840 x 880 x 330 |
| | Þyngd | kg | 35 | 36 | 55 |
| | Hljóðstyrkur- Hitun (SPL) | dB(A) | 49 | 50 | 54 |
| | Hljóðstyrkur- Kæling (SPL) | dB(A) | 46 | 49 | 51 |
| | Hæfilegt öryggi | A | 10 | 13 | 16 |
| Lægsti útihiti fyrir trygga keyrslu (Hitun/Kæling) | | °C | -35 / -10 | -35 / -10 | -35 / -10 |
| Rörastærð (Vökvi / Gas) | | tommur | 1/4" - 3/8" | 1/4" - 3/8" | 1/4" - 3/8" |
| Hámarksröralengd | | m | 20 | 20 | 30 |
| Hámarkshæðarmunur | | m | 12 | 12 | 15 |
| Rafkerfi | | V / Fasar / Hz | 230 / 1 / 50 | 230 / 1 / 50 | 230 / 1 / 50 |
| GWP / JAFNGILDI | | | | | |
| Kælimiðill** | | | R32 | R32 | R32 |
| GWP | | | 675 | 675 | 675 |
| Áfyllimagn | Þyngd | kg | 1,00 | 1,00 | 1,25 |
| | $CO_2$-jafngildi | ton | 0,68 | 0,68 | 0,85 |
| Hámarksáfyllimagn | Þyngd | kg | 0,26 | 0,26 | 0,26 |
| | $CO_2$-jafngildi | ton | 0,18 | 0,18 | 0,18 |

| UTBYTESFILTER | |
|---|---|
| Lyktarsía | MAC-3010FT-E |
| Lofthreinsisía | MAC-2390FT-E (Aukabúnaður) |

| FUNKTIONER | |
|---|---|
| I-SEE skanni | Fylgist með viðveru og hreyfingum í rýminu og stillir hitastigið eftir því til jafna hitastigið og ná hámarksorkusparnaði. |
| Tvöfaldur loftdreifir | Dreifir lofti lóðrétt á tvo vegu fyrir betri dreifingu varma. Hentugt t.d. við stiga á milli hæða. |
| Háhitatækni | Tækni sem heldur raunafköstum niður að-15°C útihita. |
| Viðhaldshiti | Heldur viðhaldshita í rými frá 10°C til 31°C |
| Vikudagastilling | Hægt að stilla í 4 mismunandi hami hvern vikudag vikunnar til aukinnar þæginda og orkusparnaðar. |
| Fjögurra þátta Plasma sía | Hreinsar veirur, ofnæmisvalda, ryk, bakteríur og dregur úr reyklykt. Minnkar ofnæmisviðbrögð. |
| Loftdreifing | Getur hringrásað lofti um rýmið t.d. til að dreifa hita frá öðrum orkugjöfum eins og kamínu eða arini. |
| Innbyggt þráðlaust net | Wifi notendaviðmót |

* SCOP Seasonal Coefficcient of Performance Meðalárs-nýtnistuðull.

** Varmadælan inniheldur kælimiðilinn R32 með GWP gildið 675 ($CO_2$ = 1 kg). Allt inngrip í kerfið skal framkvæmt af löggiltum aðilum. GWP gildið vísar í reglugerð (EU 417/2014 frá IPCC, útgáfu 4:e.

*** Hæð í keyrslu 307 + 100mm.

## HERO LITIR

HERO fæst í 4 mismunandi litum; Natural White, Pearl White, Onyx Black og einstaklega fallegum Ruby Red.



NATURAL WHITE



PEARL WHITE



ONYX BLACK



RUBY RED



GOOD DESIGN

516-2600

vorukaup@vorukaup.is

VK vörukaup